

Sagan um Ísfólkið  
MARGIT SANDEMO

ÁLAGAFJÖTRAR

Þýðing: Snjólaug Bragadóttir

JENTAS

Margit Sandemo

**Sagan um Ísfólkið 1**

**Álagafjötrar**

Bókin heitir „Trollbunden“ á frummálinu.

Útgefin af Bladkompaniet/Schibsted Forlagene, Noregi.

© Margit Sandemo, 1982

© Halldors ApS, 2005

Íslensk útgáfa: JENTAS ehf., 2005

Pýðing: Snjólaug Bragadóttir

Ritstjóri: Jentas ehf.

Mynd á kápu: Ragna Lise Vikre

Hönnun kápu: Imperiet

Umbrot: Ole A. Thomsen

Letur: Janson

Prentun: WS Bookwell, Finland

1. útgáfa, 2. upplag, 2006

ISBN (10) 9979-760-92-3

ISBN (13) 9979760924

[www.jentas.com](http://www.jentas.com)

JENTAS gefur bókina út á íslensku og dönsku

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa, eða hluta af henni, má ekki afrita með neinum hætti, hvorki með ljósmyndun, prentun, hljóðritun né á annan hátt, án skriflegs leyfis útgefanda.

# SAGAN UM ÍSFÓLKIÐ

## MARGIT SANDEMO

FYRIR ÓRALÖNGU, mörgum öldum, fór Þengill illi út í óbyggðir til að selja Satani sál sína.

Hann varð ættfaðir Ísfólksins.

Þengli var lofað gulli og grænum skógum gegn því að ein manneskja að minnsta kosti í hverjum lið ættarinnar skyldi vera í þjónustu Satans og vinna illvirki. Viðkomandi skyldi þekkjast á gulum kattaraugum og vera göldróttari en nokkur dæmi voru til um.

Bölvunin skyldi hvíla á ættinni þar til staðurinn myndist þar sem Þengill illi hafði grafið niður pottinn sem hann notaði til að sjóða seyðið sem manaði myrkrahöfðingjann fram.

Svo segir þjóðsagan.

Hvort hún er sönn veit enginn.

Árið 1548 fæddist maður í ætt Ísfólksins, undir þessum álögum. Hann reyndi að snúa hinu illa til góðs með líferni sínu og var því kallaður Þengill góði. Þessi saga er um fjölskyldu hans og afkomendur.

Kannski má þó segja að hún fjalli mest um konurnar í ættinni.

HAUSTKVÖLD eitt árið 1581, þegar hrímþoka blandaðist eldsbjarma yfir Þrándheimi, voru tvær konur á gangi um göturnar án þess að vita hvor af annarri.

Önnur var Silja, tæplega 17 ára. Augu hennar voru sljó og starandi af einmanaleika og kulda. Hún gekk álút og setti í axlirnar til að verjast nepjunni og stakk kuldabláum höndunum inn í tuskurnar sem hún var klædd. Fótabúnaðurinn var skinnþjötur, bundnar um slitna skógarma og yfir fallegu, rauðbrúnu hárinu var ullarsjalið góða sem hún vafði um sig þegar hún fann sér náttstað.

Silja krækti fyrir lík á mjórri götunni. Líklega enn eitt fórnarlamb plágunnar, hugsaði hún. Þessi plága, ein af mörgum á öldinni, hafði banað allri fjölskyldu hennar fyrir þremur vikum eða svo og hrakið hana sjálfa á vergang.

Faðir hennar hafði verið járnsmiður á herragarði sunnan við Þrándheim en þegar hann, kona hans og öll börnin nema Silja voru dáin, var henni úthýst úr litla bústaðnum þeirra. Hvaða gagn gat stelpukrakki gert í smiðju?

Eiginlega var það Silju viss léttir að fara. Hún átti sér leyndarmál sem hún hafði aldrei sagt neinum, svo djúpt var á því í hjarta hennar. Í suðvestri var sérkennilegi fjallgarðurinn sem hún kallaði *Skuggalandið* eða *Kvöldlandið*. Alla hennar tíð

höfðu þessir yfirþyrmandi tindar bæði skelft hana og heillað. Þeir voru svo fjarlægir að þeir sáu illa en þegar skin kvöldsólarinnar féll á þá skerptust línur og skuggar og óvenjulíflégt hugmyndaflug telpunnar tók á rás.

Hún gat horft á fjöllin tímunum saman, smeyk og heilluð samtímis og séð í huganum nafnlausu verurnar sem höfðust við þar. Þær liðu upp úr dölunum milli tindanna, svifu leitandi um loftið og nálgust heimili hennar smám saman þar til hún greindi illt augnaráð þeirra. Þá var Silja vön að hlaupa í felur.

Verurnar voru raunar ekki nafnlausar. Fólkið á býlinu hafði alltaf talað í hálfum hljóðum um fjöllin í fjarska og það var einmitt hvíslið sem vakið hafði ótta Silju og hugmyndaflug. *Farðu aldrei þangað, var jafnan sagt. Þar eru bara galdrar og illska. Ísfólkið er ekki mennskt, það er afsprengi myrkurs og kulda og vei þeim sem nálgast híbýli þess.*

Ísfólkið...? Undir því nafni gengu verurnar en enginn nema Silja hafði séð þær líða um loftin.

Hún vissi ekki hvað hún átti að kalla þær. Ekki voru þetta tröll og heldur ekki draugar. Djöflar var ekki rétt heiti en einhver viðundur eða forynjur voru þetta. Eitt sinn hafði hún heyrt húsbóndann á býlinu kalla baldinn hest *dímon*. Það var nýtt orð sem henni fannst henta verunum vel.

Hugarsýnir hennar um Skuggalandið voru svo sterkar að hana dreymdi það stundum og svaf þá óværum svefni. Það var eðlilegt að hún sneri baki

við fjöllunum þegar hún yfirgaf býlið. Einhver frumhvöt hafði beint henni til Þrándheims. Þar var þó fólk og von um að fá hjálp í einsemd og neyð.

Fljótlega kom í ljós að enginn vildi hýsa ókunnuga þegar plágan fylgdi öllum á ferðum þeirra um landið. Hvergi var ástandið verra en í þröngum, sóðalegum götum og húsum sem stóðu hvert ofan í öðru.

Bara að komast inn um bæjarhliðið hafði tekið hana heilan dag. Loks hafði henni tekist það með því að slást í hóp fjölskyldna sem bjuggu í bænum og höfðu skropið út fyrir. Hún hafði gengið hinum megin við vagn og smeygt sér fram hjá hliðverðinum. En þegar inn var komið var enga hjálp að fá. Hún hafði nærst á brauðskorpum sem fleygt var að henni út um glugga hér og þar og rétt nægðu til að halda í henni lífinu.

Frá torginu við dómkirkjuna bárust öläðishróp og ókvæðisorð. Í barnaskap sínum hafði hún eitt sinn leitað þangað til að fá félagsskap annarra nátthrafna en brátt komið auga á þá köldu staðreynd að þetta var ekki staður fyrir lögulega, unga stúlku. Að mæta skrílnum hafði verið áfall sem hún reyndi að gleyma en það hafði ekki alveg tekist.

Hana verkjaði í fæturna eftir margra daga göngu. Óralöng leiðin til Þrándheims hafði tekið á krafta Silju og þegar hún fann enga líkn í bænum hafði sár vonleysistilfinning sest að innra með henni.

Hún heyrði rottur tísta í dyraskýlinu sem hún hafði stefnt á til að reyna að fá sé blund. Þá sneri hún frá og hélt áfram þrautagöngu sinni.

Ósjálfrátt laðaðist hún að eldsbjarmanum yfir klöppunum utan við bæinn. Eldi fylgdi ylur... en þetta var líkbrenna sem hafði logað í þrjá sólarhringa. Við hlið brennunnar var aftökustaðurinn.

Hún tautaði hraðmælt svolitla bæn: -Kæri Jesús, verndaðu mig fyrir illum öndum á sveimi. Gefðu mér hugrekki og styrk til að fara þangað svolitla stund. Ég verð að fá yl svo fætunnir detti ekki af mér.

Með hræðslu í saklausu hjartanu og augun á heillandi bjarmannum yfir klöppunum gekk Silja að bæjarhliðinu vestan megin.

Á SAMA TÍMA var unga aðalskonan Charlotte Meiden á ferð með mikilli leynd. Hún tiplaði á silkiskóm í ólýsanlegum sóðaskap, því frostið hafði stíflað göturennurnar og ruslið lá um allt. Í fanginu hélt hún á böggli, vandlega vöfðum í ullardúk og þar sem hún reyndi að hraða sér í átt frá glæsihýsi föður síns, raulaði hún í örvæntingu danslag til að dreifa huganum frá því sem hún hugðist fyrir.

Hún átti erfitt um gang, var náfól, svitaperlur stóðu á enni hennar og efri vör og hárið klesstist við vangana.

Hvernig henni hafði tekist að leyna ástandi sínu mánuðum saman skildi hún varla enn, en hún var lítil og grönn og það hafði ekki séð mikið á henni. Tískan hafði líka hjálpað, kjólar voru víðir nánast frá öxlum og leyndu öllum vexti. Hún hafði líka alltaf reyrt sig miskunnarlaust í lífstykki. Ekki einu sinni einkabærnu hennar hafði grunað neitt.

Óskaplega óbeit hafði hún haft á lífinu sem óx innra með henni. Það var afleiðing skyndikynna við glæsilegan hirðmann Friðriks Danakonungs. Hann var kvæntur, en það heyrði hún fyrst eftir á. Kæruleysi eitt kvöld... og öll þessi eynd var refsingin. Og hann slapp alveg!

Hún hafði reynt að losna við aðskotadýrið í lífi sínu með ýmsum ráðum, drukkið sterk seyði, stokkið fram af háum stöllum og legið í heitum böðum en allt komið fyrir ekki... hún hafði meira að segja farið í kirkjugarðinn um nótt og framið þar óhugnað sem hún þurrkaði strax úr huga sínum. Aðskotadýrið inni í henni hélt í lífið af einstakri þvermóðsku.

Mikið hafði hún verið hrædd þessa mánuði og var enn. Einmitt núna var henni samt ekki mjög illa við óæskilegu lífveruna. Það var einhver önnur tilfinning komin í hjartað, hlýja og einhvers konar sorg og eftirsjá.

Nei, hún mátti ekki hugsa svona. Hún yrði að halda áfram og forðast að verða á vegi þeirra fáu sem voru á ferli á þessum tíma kvölds.

Óskaplega var kalt. Auminginn litli...

Nei. Nei!

Hún sá unglingsstúlku bregða fyrir í hliðargötu og skaust inn í dyrskot. Stúlkan gekk hjá án þess að sjá hana. Hún sýndist svo umkomulaus. Charlotte fylltist meðaumkun en kerrti svo hnakkann. Þetta var tilfinning sem hún mátti ekki leyfa sér núna. Engan veikleika!

Hún yrði að hraða sér, komast út og inn um hliðið

aftur áður en því yrði lokað klukkan níu. Hún óttaðist ekki hliðvörðinn, hafði skýringu á reiðum höndum ef hann skyldi spyrja. Skikkjan sem hún var sveipuð í var í eigu þjónustustúlku á heimilinu. Enginn þekkti hina fínu ungfrú Charlotte svona klædda.

Loks kom hún að hliðinu. Vörðurinn stöðvaði hana en hún lyfti bögglinum og sagði lágt: -Enn eitt lík. Ég fer bara með það út að...

Vörðurinn benti henni að fara í gegn án þess að líta nánar á hana.

Hún sá út í skóginn þar sem hvassa toppa grenitrjána bar við eldsbjarmann. Það var líka bjart af tungli í frostinu svo hún rataði auðveldlega. Bara að hún væri ekki svona þreytt. Henni leið mjög illa og ekki leyndi sér að handklæðið sem hún notaði til að stöðva blæðingarnar var orðið gegndrepa.

Barnið hafði hún fætt á hlöðuloftinu í hesthúsunum og bitið í spýtu til að hljóða ekki. Á eftir hafði hún legið örþreytt langa stund áður en hún vafði barnið tuskum án þess að líta á það og stóð upp, skjálfandi frá hvirfli til ilja. Naflastrenginn hafði hún ekki hirt um, ekkert tengt barninu kom henni við. Lágan, aumlegan grátinn hafði hún kæft með tuskubút. Það lifði enn, hún fann hreyfingu öðru hverju. Gott að það vældi ekki við borgarhliðið.

Hún hafði fjarlæggt öll ummerki á hlöðuloftinu og nú var bara að losna við skammarbyrðina og komast óséð heim. Þá fyrst yrði hún frjáls. Loksins!

Nú var hún komin nógu langt inn í skóginn. Þarna undir stóra grenitrénu, langt frá stígnum...

Charlotte Meiden hríðskalf þegar hún lagði böggulinn á freðna en snjólausu jörðina. Hún var að bresta í grát þegar hún vafði ullarklæðinu og sjalínu betur utan um barnið og setti mjólkurkrús við vanga þess. Auðvitað vissi hún að barnið næði aldrei mjólkinni en vildi ekki hugsa meira um það.

Andartak stóð hún kyrr meðan um hana fór bylgja saknaðar og örvæntingar en svo staulaðist hún á ísköldum fótum aftur í átt að bæjarhliðinu.

SILJA GEKK ÁFRAM, þakklát fyrir tunglskinið sem varpaði daufum bjarma á göturnar og auðveldaði henni að sjá hvar hún stigi niður og forðast skot og skúra á leiðinni. Eins og í leiðslu hreyfði hún fæturna skref fyrir skref án þess að hugsa. Ef hún leyfði sér það fyndi hún fyrir kuldanum, hungrinu, þreytunni og þeirri staðreynd að hún hafði ekkert markmið og átti sér enga framtíð.

Þá heyrði hún grát nálægt.

Hún stansaði og var þá stödd í þröngu sundi, ekki ýkja langt frá bæjarhliðinu í vestur. Nær koldimmt var í sundinu, tunglskinið náði ekki niður. Gráturinn barst úr bakgarði, út um hálfopna dyragætt.

Það var greinilega barn sem grét svona sárt. Silja gekk hikandi inn í garðinn. Þar var öllu bjartara því tunglið lýsti upp þennan litla blett milli lágreistra húsa.

Lítil telpa kraup þar hjá líki af konu. Barnið togaði í fót móður sinnar til að vekja athygli hennar.

Silja var bara barn sjálf en þó jafnframt ung

kona. Hana skar í hjartað við að sjá til barnsins en hún forðaðist að nálgast konuna. Andlitið, froðan í munnvikunum... allt benti til þess að hér hefði plágan verið að verki.

Þrændalög höfðu orðið illa úti af völdum farsóttarinnar og eiginlega voru þær tvær núna. Alls kyns sjúkdómar voru kallaðir plágan og í þetta sinn hafði hún borist frá Danmörku. Hún var líka kölluð *spánska veikin* og einkenni hennar voru niðurgangur, hiti og brjóstverkir. Samtímis hafði borist önnur plága frá Svíþjóð, henni fylgdu kýli, ofsalegur höfuðverkur sem firrti fólk vitinu, og stingur í síðunni. Silja þekkti einkennin, hún hafði margsinnis séð þau.

Litla telpa hafði ekki komið auga á hana. Silja hugsaði hægt vegna þreytunnar en hún vissi að hún ein hafði lifað af heima og gengið um innan um líkin án þess að smitast. Hún óttaðist ekki um sjálfa sig... en hvað um barnið? Telpa hafði litla von um að bjargast og ef hún yrði áfram þarna hjá líkinu dæi hún örugglega.

Silja kraup hjá barninu sem nú sneri grátbólgnu andlitinu að henni. Þetta var falleg telpa, sterklega byggð, með dökka lokka, dökk augu og vel lagaðar hendur.

-Mamma þín er dáin, sagði Silja blíðlega. -Hún getur ekki framar talað við þig. Nú verðurðu hjá mér.

Varir telpunnar skulfu en hún var hætt að gráta af einskærri hræðslu.

Silja stóð upp og athugaði allar þrennar húsdyrnar út í garðinn. Þær voru læstar. Konan hafði ekki átt heima hér, hafði kannski bara ráfað inn í garðinn til að deyja. Enginn myndi opna þótt Silja bankaði, það hafði reynslan kennt henni.

Í hasti reif hún ræmu af kjólfaldi sínum og hnýtti saman á þann veg að vöndullinn líktist brúðu. Hún lagði hana í fang dáu konunnar svo hún gengi ekki aftur og fylgdi dóttur sinni. Svo bað hún hljóða bæn fyrir sálu hinnar látnu.

-Komdu, sagði hún við telpuna. -Við þurfum að fara.

Sú litla streittist á móti. Hún hélt fast í kápu móður sinnar, fallega flík og óslitna. Telpa var líka vel klædd, í einföldum, snotrum fötum. Móðirin hafði augljóslega verið gullfalleg en nú störfu brostin, dökk augun upp í tunglsljósið.

Það hvarflaði ekki að Silju að taka sínu kápuna til að ylja sjálfri sér. Fyrir því voru margar ástæður, en þó einkum sú að tilhugsunin ein var óhugnanleg.

-Komdu nú, sagði hún aftur og reyndi að heyra ekki kjökrið. Hún losaði varlega takið og tók telpuna upp. -Við verðum að reyna að finna mat handa þér.

Hvar hún fyndi hann, hafði hún enga hugmynd um en orðið *matur* verkaði eins og galdur. Telpa lét undan með þungri stunu og lét bera sig út úr garðinum. Hún leit um öxl til móður sinnar með þvílíkri sorg og örvæntingu í augunum að Silja myndi aldrei gleyma því.

Telpa grét lágt síðasta spölinn að hliðinu. Líklega

hafði hún grátið svo lengi að hún var of uppgefin til að sýna mótþróa.

Nú var vandi Silju tvöfaldur. Hún bar líka ábyrgð á annarri manneskju, barni sem að líkindum dæi úr plágunni á næstu dögum... en þangað til yrði hún að sjá um að hún sylti ekki.

Þær nálguðust hliðið, bjarminn frá líkbrennuni sást allt staðar milli húsanna. Jörð var svo frosin að ekki var hægt að grafa þá dánur svo það varð að brenna þá. Annars voru til fjöldagrafir sem... Nei, Silja vildi ekki hugsa um slíkt núna.

Hún kom auga á konu sem hallaði sér upp að húsvegg og virtist í þann veginn að síga niður. Silja gekk hikandi til hennar.

-Get ég hjálpað þér? spurði hún varfærnislega.

Konan sneri sér að henni, sljó á svip. Hún var ung og augljóslega af æðri stigum en þessa stundina var hún náfól og svitinn lak niður andlitið.

Þegar hún sá Silju tók hún á öllu sínu og hélt áfram. -Mér getur enginn hjálpað, sagði hún lágt og hvarf fyrir húshornið. Silja horfði á eftir henni en hreyfði sig ekki. Líklega plágan, hugsaði hún. Þá get ég ekkert gert.

Loks kom hún að hliðinu. Enn var stund þar til því yrði lokað. En Silja ætlaði sér ekki inn í bæinn aftur. Þar væri enga hjálp að fá henni og telpunni til handa, svo mikið var víst. Hún yrði að finna hlöðu eða annað útihús í sveitinni.

Bara að þær rækjust ekki á rándýr!

Þau væru kannski ekkert verri en útingangsfólkið

við torgið í bænum, fyllibyttur og samviskulausar manneskjur sem áreittu hana ef hún kom inn á svæðið. Þeim var nákvæmlega sama um smithættuna og sumir vissu að þeir voru dauðvona en vildu njóta lífsins lystisemda áður.

Hliðvörðurinn spurði hvert hún ætlaði svona seint en hann hafði minni áhuga á þeim sem fóru en hinum sem komu. Hún sagðist hafa verið rekin burt vegna sjúkdómseinkenna og hann var snöggur að hleypa þeim út, kærði sig kollóttan um að þær gætu borið smit víðar. Öllu skipti að þær færu burt úr bænum hans.

Ylurinn frá eldinum var freistandi. Silja greikkaði sporið ef þeir skyldu slökkva í brenninni áður en hún næði þangað. Fyrst þurfti hún þó gegnum skóglendið sem var milli bæjarins og aftökustaðarins. Hún hafði villst á þennan skelfilega stað, Gálgavöll, fyrst þegar hún kom til Þrándheims, en flýtt sér burt, hrædd við lyktina og það sem hún sá.

Nú laðaðist hún þangað vegna ylsins, þráði að rétta ískaldar hendurnar að bálinu, snúa bakinu að því og finna ylinn streyma gegnum fötin, í kroppinn sem hafði bara fundið kulda í óteljandi daga og nætur... tilhugsunin líktist draumi.

Skógurinn.... Hún nam staðar í skógarjaðrinum.

Silja hafði alltaf óttast skóg, eins og flestir sem alast upp á opnum svæðum. Í honum leyndist svo margt.

Telpan var nú farin að íþyngja örþreyttum líkama Silju svo hún varð að setja hana niður.

-Geturðu gengið? spurði hún. -Ég skal halda á þér bráðum aftur.

Barnið svaraði ekki, hlýddi bara ósjálfrátt og kjökraði öðru hverju.

Það var svo dimmt milli trjáanna. Augu Silju voru orðin allvön myrkrinu og nú greip óttinn hana. Henni fannst hún sjá dularfullar verur með logandi augu í hverjum skugga. Svart var ekki bara svart, það var í mörgum litbrigðum áður en það gat kallast grátt.

Telpan var líka hrædd og það svo að hún gleymdi að gráta, þrýsti sér bara upp að Silju og rak upp lágt kvein.

Silja var þurr í munninum og kyngdi í sífellu en óttinn gaf sig ekki. Þær tóku eitt skref í einu og hún reyndi að einbeita sér að bjarmanum hinum megin. Hún þorði ekki að líta við en hafði á tilfinningunni að vera elt af útlínulausum verum sem liðu um...

Þær voru komnar um það bil miðja vegu þegar Silja fann blóðið renna úr andlitinu og þjóta gegnum líkamann. Hún tók andköf.

Aftur heyrði hún barnsgrát. Þetta var of mikið. Svona grát vildi hún ekki heyra.

Skyndilega fékk hún ákafan hjartslátt.

Ungbarnsgrátur í miðjum skógi. Skelfilega aumlegt hljóð.

Það gat bara þýtt eitt... útburð.

Silja var dauðhrædd við útburði. Hún hafði heyrt ótal sögur um þá og alltaf óttast að rekast á einn slíkan. Þeir voru lífshættulegir.

Útburður var afturganga barns sem fæddist með leynd og hafði endur fyrir löngu verið borið út til að deyja. Þeir vitjuðu allra sem gengu fram hjá týndri gröf þeirra. Hún vissi hvernig fór fyrir þeim sem komu of nálægt slíkri gröf í skóginum. Hún hafði heyrt sögur um ungbarnaafturgöngur á stærð við hús. Þær þrömmuðu á eftir fólki svo jörðin nötraði og lögðust á herðar þess svo það sökk upp að hnjám. Þær gátu líka breytt sér í svarta hunda, höfuðlaus barnslík, hrafna og skriðdýr, allt meinill kvikindi.

Silja stóð sem lömuð. Fæturnir neituðu að hlýða þeirri hugsun að hlaupa sem hraðast burt.

En litla telpan sem þrýsti sér upp að henni brást öðruvísi við. Hún sagði eitthvað sem Silja skildi ekki. Eitt orð, kannski nafn sem hljómaði eins og *Nadda*.

Gæti hún hafa átt lítið systkini sem hafði dáið? Það var ekki útilokað.

Telpan togaði í hönd Silju til að fá hana í áttina sem gráturinn kom úr, inn milli grenitrjáanna nokkuð til hliðar við stíginn en Silja taldi að þær væru á.

Silja var treg í taumi, vildi helst fara í hina áttina.

Barnið endurtók orðið eða nafnið og var í þann veginn að fara að gráta aftur.

-Þetta er hættulegt, mótmælti Silja. -Við verðum að flýta okkur burt.

Hlaupa burt? Með risavaxna afturgöngu á hælunum? Það yrði enn verra.

Þá mundi hún annað, öllu notalegra. Útburðir

óskuðu þess heitast að fá skírn. Þess vegna hrópuðu þeir á móður sína.

Hvað þurfti að gera til að veita afturgöngum frið? Lesa messu yfir þeim? En hún var enginn prestur. Eða... bíðið við. Það var til einhver þula. Bara að hún myndi þetta. *Ég skíri þig...*

Best væri að gera þetta allt í einu.

Silja dró andann djúpt og romsaði síðan upp úr sér öllum þeim bænum sem hún hafði lært, bæði kaþólskum og lúterskum, brotum sem hún mundi úr bernsku og það sem presturinn hafði kennt henni.

Ofurhikandi og tilbúin að flýja við minnsta hættumerki, nálgadist hún útburðinn. Hann var hættur að gráta. Bænirnar höfðu dugað.

Hún varð ögn hugaðri og herti gönguna. Í huganum reyndi hún að setja saman einhvers konar skírnarþulu. Telpan togaði í hana og vildi að hún flýtti sér. Silja tautaði fyrir munni sér:

-Ég fann þig um dimma nótt. Þess vegna skíri ég þig Dag ef þú ert drengur. Þú varst dæmdur til að deyja... ég veit ekki fyrir hve löngu. Þess vegna skaltu heita Líf ef þú ert stúlka.

Var þetta kjánalegt? Dugði það sem skírnarathöfn? Til öryggis bætti hún við: -Í Jesú nafni, amen. Henni fannst hún ekki eiga neitt með það að segja svo heilög orð. Það var prestanna.

Gæti verið hættulegt að skíra útburð Líf? Kannski efldist hann allur og magnaðist. Nei, hún mátti ekki hugsa þannig. Nú hafði hún gert sitt besta og varð bara að gera ráð fyrir að það nægði.

Telpan vildi endilega finna útburðinn og það styrkti þá trú Silju að hún hefði átt yngra systkini. Ekki þýddi að reyna að stöðva hana svo Silja elti hana bara.

Einhvers staðar hér hlaut þetta að vera. Hún nam staðar, beygði sig og tók að leita í myrkrinu undir trjánum. Hjartað hamaðist af ótta og kaldir fingurnir skulfu.

Að snerta útburð...

Hvernig væri tilfinningin? Fyndi hún fyrir einhverju? Kannski voru bara skinin beinin eftir... eða væri þetta slímugt og ógeðslegt? Gæti það verið sterkt og gripið um handlegg hennar? Hún vildi helst hlaupa frá þessu öllu en þá hrökk hún við.

Litla telpa hafði greinilega fundið eitthvað. Hún masaði heil ósköp en Silja skildi ekki orð. Þá rak hún höndina í harðan hlut og þreifaði á honum. Það var handfang úr tré, á íláti sem líktist ölkrús með loki.

Það var ekkert hættulegt og hún þreifaði betur fyrir sér.

Ullardúkur... hlýrri en köld jörðin. Böggull.

Þegar hún snerti hann byrjaði vesældarlegi gráturinn aftur. Silja tók á öllum kjarki sínum og stakk hendinni inn í böggulinn.

Hlýtt hörund. Þetta var barn... og lifandi, engin afturganga, bara lítið barn sem borið hafði verið út til að deyja.

-Þakka þér fyrir, hvíslaði hún að telpunni. -Þú bjargaðir barnslífi.

Telpan þreifaði áköf á barninu. -Nadda, sagði hún enn og Silja hafði ekki brjóst í sér til að ýta henni frá, ef hún væri smitberi.

Silja hristi krúsina og það gutlaði í henni. Hún stakk fingrinum í innihaldið, glóðvolgan vökva, og sleikti hann.

-Mjólk! Guð á himnum, þetta var mjólk.

Hún hrökk við þegar hún áttaði sig á því að hún var komin með krúsina upp að munninum, tilbúin að drekka allt í einum teyg.

Hún mátti ekki gleyma börnunum.

Bara smásopa?

Nei, hún gæti ekki hætt.

Telpan fyrst. Hún mætti fá þriðjunginn.

Sú litla drakk af slíkri nautn að það var erfitt að taka krúsina frá henni og þá fauk svo í hana að Silja varð næstum smeyk.

-Nadda þarf að fá líka, hvíslaði hún og telpan róaðist. Mjólkin hafði sín áhrif strax. Það þurfti ekki mikið í svona lítinn kropp.

En ungbarnið? Hvað átti hún að gera?

Það var sveipað í mörg lög af dúkum. Innst var línþjatla sem virtist ljósgrá í myrkrinu. Lilja sneri upp á horn á henni og dýfði því í mjólkina.

En barnið vildi ekki drekka. Silja hafði lítið vit á ungbörnum og vissi ekki að þau eru oft mett fyrsta sólarhringinn og þurfa ekki fæðu... eða að sum þeirra þurfa að læra að sjúga. Hún var hjálparvana.

Hvernig sem hún reyndi vildi barnið ekki mjólk

og loks gafst hún upp. Þau urðu að halda áfram en hún gat ekki haldið á krúsinni líka og sakbitin drakk hún afganginn. Mjólkin var ekki ýkja góð þegar hún var stolin frá öðrum.

Svo tók hún böggulinn í fangið og leiddi telpuna. Skyndilega fór hún að hlæja. Hvað var hún eiginlega að gera? Haltur leiðir blindan, hugsaði hún. Varla yrði hún börnunum til mikils gagns.

Mjólkin hafði styrkt þær nokkuð og Silja var ekki lengur eins hrædd við myrkrið. Brátt sást eldsbjarminn vel milli trjáanna.

Hún nam staðar í jaðrinum hinum megin og sá þá niður á viðbjóðslegan aftökuvöllinn við klappirnar þar sem brennan var. Vond lykt var af reyknum og framan við bálið stóðu gálgarnir, svartir að sjá, og við hlið þeirra pyndingartólin sem lýstu hugviti manna við að pína hver annan. Þar var gapastokkur og lítið bál við hlið hans, til að hita tengur og sverð. Einnig stórir, óhugnanlegir krókar til að hengja afbrotamenn á og fleira svo ógeðslegt að Silja stundi við að horfa á það.

Mest áberandi var þó strekkhjólíð þar sem menn voru teygðir þar til öll bein brotnuðu, hryggurinn brast og...

-Nei, kveinaði hún. -Ó, nei!

Menn voru á sveimi milli tólanna. Hún sá böðulinn með svörtu hettuna og fulltrúa hans, fyrirlitnasta mann í Þrándheimi, sem snarsnerist kringum hann... og menn fógetans voru á hverju strái. Þarna komu tveir með ungan mann á milli sín,

ljóshærðan með hendurnar bundnar á bak aftur. Það átti að binda hann á hjólið.

-Nei, ekki gera þetta, hvíslaði Silja.

Hún sá vangasvip hans í bjarmanum frá brennunni. Hann var ungur og glæsilegur. Silju skar í hjartað. Það var eins og hún fyndi kvalirnar sem hann átti eftir að líða.

Aðrir biðu við tólið sem myndi brjóta hvert bein í líkama mannsins.

Böðullinn gekk fram og aftur og hélt á öxi með breiðu blaði.

Fyrst átti að kvelja piltinn og svo að drepa hann.

Nei, Silja vildi ekki horfa á þetta. Hún hafði ekki kynnst mörgum ungum mönnum en þessi var sérstakur. Hvað hafði hann gert af sér? Var hann þjófur? Nei, þá væri þetta of mikið tilstand. Hann hlaut að vera eitthvað merkilegra.

Lengra var hún ekki komin í hugsunum sínum þegar hún hrökk illa við. Dimm rödd kvað við fyrir aftan hana.

-Hvað ert þú að gera hér, kona?

Silja og telpan sneru sér snögg við og barnið rak upp hræðsluóp. Silju tókst að stilla sig um að gera það líka.

Milli trjástofnanna stóð hávaxin vera sem virtist bæði maður og dýr... eða hvorugt. Hann var klæddur hálf síðri flík úr úlfsfeldi og það var sérkennileg hettan sem gaf honum dýrslega yfirbragðið. Herðarnar voru gríðarmiklar og þéttar eins og á nauti. Þírð augun glömpuðu og andlitið var afar svipmikið,

frítt en samt óhugnanlegt. Hann sýndi tennurnar, næstum eins og úlfur. Hún sá hann aðeins þegar eldurinn blossaði upp en þess á milli var hann bara skuggavera og stóð grafkyrr.

Hún svaraði spurningunni skjálfrödduð: -Ég vildi bara fá yl frá eldinum, herra.

-Átt þú þessi börn? spurði hann hvasst.

-Ég? Hún gat ekki annað en brosað. -Ég er bara 16 ára. Ég fann þau í kvöld. Þau voru yfirgefin.

Hann virti hana vandlega fyrir sér og hún varð að líta undan, dauðhrædd við þennan yfirþyrmandi mann. Telpan var líka hrædd og faldi sig í pilsu Silju.

-Þú bjargaðir þeim, sagði hann loks. -Viltu bjarga einu mannlífi enn í nótt?

Hún koðnaði undan brennandi augnaráði hans og óskýranlegur ótti greip hana. Hún var ringluð og vandræðaleg þegar hún svaraði. -Einu mannlífi enn? Ég veit ekki... skil ekki...

-Þú ert svo tekin í andliti af hungri og kulda að þú sýnist nokkrum árum eldri en þú ert. Þú getur bjargað lífi bróður míns. Viltu það?

Sem snöggvast flaug um huga hennar að ólíkari bræður hefði hún aldrei séð en laglega, ljóshærða piltinn niðri á vellinum og þennan dýrslega mann með svartan hárfloka niður undir augu.

-Ég vil ekki að hann deyi, sagði hún hikandi. -En hvernig á ég að geta bjargað honum?

-Ég get það ekki sjálfur, svaraði maðurinn. - Of margir vilja hafa hendur í hári mínu. Ég yrði drepinn og gagnaðist honum þá lítið. En þú...

Hann tók samanbrotið blað upp úr vasa á loðfeldinum.

-Hérna. Taktu þetta bréf. Það er með innsigli konungs. Segðu að þú sért konan hans og hann eigi börnin. Þið búið hér um slóðir, hann heitir Niels Stierne og er sendiboði konungs. Hvað heitir þú annars?

-Silja.

Hann gretti sig. -Cecilie áttu að heita, kjáninn þinn. Þú getur ekki heitið Silja eins og ómerkileg bóndadóttir. Þú ert greifynja, hugsaðu um það. Þú þarft að koma bréfinu í vasa hans og láta sem þú finnur það þar.

Það var áhættusamt, hugsaði hún. -Hvernig get ég þóst vera greifynja? Því trúir enginn.

-Hefurðu ekki litið á barnið sem þú heldur á? spurði hann hranalega.

Hún leit niður. -Nei, en...

Bjarminn frá brenninni var mikill núna og hún sá allvel til.

Útan um böggulinn var sjal úr finni ull, svo þunnt og mjúkt að Silja hafði aldrei séð þess líka. Gylltir þræðir voru ofnir í það og mynduðu mjög fallegt mynstur. Frönsk lilja, kallaðist það víst. Út undan því stóð drifhvítur dúkur, sá sem hún hafði dýft í mjólkina.

Maðurinn steig skrefi nær og Silja hörfaði ósjálfrátt. Það var eins og af honum stafaði heiðinni forneskju og dulúð en jafnframt var hann sérlega aðlaðandi og bjó yfir miklu valdi.

-Barnið er blóðugt í framan, sagði hann og strauk blóðið af með dúkhorninu. -Það er nýfætt. Ertu viss um að þú eigir það ekki?

Silja móðgaðist. -Ég er heiðvirð stúlka, yðar náð.

Munnur hans herptist í eins konar brosi og hann leit áhyggjufullur niður á aftökuvöllinn. Enn gerðist ekkert þar, prestur virtist vera að telja bróðurinn á að játa syndir sínar.

-Hvar fannstu barnið?

-Hérna í skóginum. Það hafði verið borið út.

Hann hnyklaði brúnirnar. -Ásamt telpunni? Hann var tortrygginn.

-Nei, ég fann hana inni í bænum hjá líki móður sinnar.

-Plágan?

-Já.

Hann horfði á þær til skiptis. -Mér þykir þú huguð.

-Ég óttast ekki pláguna. Hún hefur verið allt í kringum mig lengi og tekið allt mitt fólk... en ekki mig.

Nú brosti hann næstum alvörubrosi. -Ekki mig heldur. Viltu þá fara þarna niður?

Hún hikaði með svarið og hann hélt áfram. - Börnin vernda þig, þú verður ekki tekin. Þau verða þó að heita eitthvað.

-Ég veit ekki hvort það litla er drengur eða stúlka. Ég kalla það Dag eða Líf. Ég hélt að það væri útburður og greip til skemmri skírnar.

-Skiljanlega. En telpan?

Silja hugsaði sig um. -Þau eru næturbörn, voru umkringd myrkri og dauða þegar ég fann þau. Ég ætla að kalla hana... Sunnu.

Enn leit hann einkennilega á hana, þessum glampanði, pírdú augum. -Þú hugsar víst meira en fólk flest. Viltu þá gera þetta?

Silju hlýnaði um hjartaræturnar við hólið. -Ég get ekki neitað því að ég er hrædd, herra minn.

-Þér verður vel launað.

Hún hristi höfuðið. -Peningar gagnast mér ekkert. Hins vegar...

-Já? sagði hann lágt.

Börnin veittu henni kjark. Hún leit upp: -Enginn tekur að sér ókunnuga flækinga um þessar mundir. Ég ber ábyrgð á börnunum og mér er sárkalt. Ef þú gætir veitt okkur mat, yl og húsaskjól skal ég hætta lífi mínu fyrir unga greifann.

Brennan hafði dofnað og hún sá ekki framan í manninn lengur. Hann virtist hugsa sig um.

-Ég get bjargað því, lofaði hann.

-Gott. Þá fer ég. En fötin mín? Engin greifynja gengur í svona tuskum.

-Ég hef hugsað um það. Taktu þessa.

Undan úlfshempunni dró hann skikkju úr dimmbláu flaeli. Hún tók honum niður á læri en var skósíð á Silju. Hún stakk höndunum út gegnum rifur að framan.

-Þessi hylur það mesta. Vefðu hana að þér og taktu pjötlurnar af skónum.

Silja gerði eins og hann sagði. -En málfarið?

-Já, svaraði hann hugsi. -Ég er hissa á því. Fátæklingar tala ekki svona. Kannski þú getir talað eins og greifynja. Gerðu þitt besta.

Hún dró andann djúpt. -Óskaðu mér góðs gengis, herra minn.

Hann kinkaði kolli.

Hún lokaði augunum sem snöggvast, eins og til að einbeita sér. Svo herti hún takið um hönd telpunnar og með ungbarnið í fanginu og dauðaóttá í hjartanu lagði hún af stað niður á völlinn þar sem verið var að binda piltinn á strekkhjólíð.

Hún fann augnaráð dýrslega mannsins á baki sínu, eins og það brenndi sig gegnum hana.

Þetta var undarleg nótt, hugsaði hún... og varla byrjuð enn.

ÞEGAR SILJA gekk út á völlinn greikkaði hún sporið svo litla telpan gat varla fylgt henni eftir. Af löngu færi kallaði hún æstum rómi:

-Hvað eruð þið eiginlega að gera?

Hún þurfti ekki að þykjast vera í uppnámi, hún var það og reiðubúin að hætta lífi sínu fyrir unga greifann. Hann var þó sendiboði konungs. Hún hafði strax séð að hann var merkilegri en hinir.

Mennirnir sneru sér að henni. Það rumdi í böðlinum og hann greip fastar um öxina. Kannski óttaðist hann að verða af bráð sinni.

-Eruð þið gersamlega ruglaðir, handbendin ykkar? æpti hún. -Komið þið svona fram við manninn minn?

Hún leit snöggt á manninn sem var reyrdur við strekkhjólíð. Hann var gráfölnur en leyndi örvæntingu sinni með sérkennilegu svipleysi.

Hann varð jafn undrandi á komu hennar og hinir en var fljótur að átta sig.

-Nei! hrópaði hann. -Þú áttir ekki að koma og alls ekki með börnin!

Yfirmaður liðsins gretti sig fyrirtillega og ætlaði að ýta henni frá. -Ef hann er maðurinn þinn tekur mig þetta sárt.

-Vitið þið þá ekki hver hann er? spurði hún og æsti sig enn. Þrátt fyrir óttann fannst henni spennandi að fá að leika eiginkonu unga greifans.

-Hver hann er? Við vitum það því miður allt of vel.

-Einmitt? Samt komið þið svona fram við sendiboða konungs.

Maðurinn á hjólinu hrópaði reiðilega til hennar: -Þú átt ekkert með að koma upp um mig!

Hún sneri sér að honum. Svona nálægt var hann enn myndarlegri og hún sá óttann í augum hans.

-Nei, það væri þér líkt að fórna frekar lífinu, svaraði hún í sama reiðitón. -Þú ert ekki að hugsa um okkur, konu þína og börn. Ég hef ekki hugsað mér að missa þig. Herra fulltrúi, ég er Cecilie Stierne greifynja og þetta er sendiboði hans hátignar, Niels Stierne. Þar sem maðurinn minn er frá þessum landshluta er hann sendur hingað.

-Cecilie! hrópaði *eiginmaðurinn*.

-Segðu ekki orð! Ég sit heima á búinu og bíð eftir lífsmarki frá þér og frétti svo að einhverjir ruddar í liði konungs hafi tekið þig og flutt hingað. Ég flýtti mér eins og ég gat og hvað sé ég svo?

Hún gekk nær fulltrúanum og sagði lágt: -Hann var í leynilegri sendiför.

-Ekki trúa henni, hrópaði fanginn. -Hún lýgur því!

Fulltrúinn var orðinn örlítið efins... en bara örlítið. -Því hefur hann þá ekki sagt neitt? spurði hann háðslega.

-Þú hlýtur að vita að sendiboði konungs má aldrei segja frá erindum sínum. Fyrr lætur hann lífið.

Kæfandi fnykur lá yfir svæðinu. Brennan speglaðist

í hjálmum mannanna og böðullinn sveiflaði öxinni óþolinmóður svo hvein í loftinu.

Fulltrúinn virtist nú öllu sannfærðari, einkum vegna framkomu Silju, en sagði samt þóttalega:

-Við vitum hver þessi maður er. Hann er Hemingur fógetadrápari og það liggur fé til höfuðs honum.

Við hlið Silju lágu þumalskrúfur og þvingur, settar rauðbrúnum blettum sem hún vissi alveg hvað var. Hún barðist við ógleðina og reigði sig framan við fulltrúann, alveg komin inn í hlutverkið... og það jók á kjark hennar að gul augu fylgdust með henni innan úr skóginum. -Lítur hann út eins og fógetadrápari? Hann er að vísu óhreinn og þreyttur en eftir ferð yfir fjöllin værir þú það líka. Sjáðu þetta göfuga andlitsfall. Sjáðu dætur hans. Líkjast þær börnum morðingja?

Hún sagði *dætur* með vilja, því ef þeir tryðu henni ekki væri þeir vísir til að drepa ungbarnið, samkvæmt þeirri trú að synir misindismanna væru réttdræpir. Hún vonaði að þeir skoðuðu ekki barnið og þá væri bara að vona að það væri stúlka. Annað veki tortryggni.

Hún hélt áfram. -Litlu dæturnar mínar, Sunna og Líf... eiga þær að verða föðurlausar? Hvað heldurðu að Friðrik konungur segði við því?

Fulltrúinn leit á hana með sama fyrirlitningarsvipnum. -Í hvaða merkilegu erindagerðum er hann svo hér, ef mér leyfist að spyrja?

-Hættu nú alveg! Heldurðu að maðurinn minn segi frá því? Ekki einu sinni mér. Hann er svo hollur konungi sínum að hann myndi frekar deyja en sýna bréfið. Fyrir þá hollustu viljið þið svo drepa hann.

-Bréfið? Fulltrúinn hló. -Hann er ekki með neitt bréf. Hvernig veistu að hann en enn með það?

-Hann er alltaf með það og ég saumaði sjálf leynivasann í fötin hans.

-Við leituðum á honum.

-Ekki nógu vel.

Silja sneri sér eldsnöggt að bundna manningum og með bréfið falið í lófanum þreifði hún inn undir beltið hans til að stinga bréfinu í buxnastrenginn. Barnið á handleggnum gerði henni erfitt fyrir en tíminn var naumur og vesalings barnið varð að setta sig við að lenda í klemmu.

Fanginn mótmælti hástöfum. -Cecilie, ég fyrirgef þér þetta aldrei!

Mennirnir stukku til en hún kippti í buxnastrenginn og *fann* bréfið.

Fulltrúinn þreif það af henni.

-Vogaðu þér ekki að rjúfa innsigli hans hátignar! hrópuðu bæði Silja og greifinn.

-Auðvitað gerum við ekkert slíkt, svaraði fulltrúinn fremur stirðmæltur.

Hann horfði rannsakandi á innsiglið og skoðaði bréfið í krók og kring.

-Það er ósvikið, sagði hann loks og tónninn leyndi ekki vonbrigðunum.

Svo sneri hann sér að mönnum sínum. -Hver hélt því fram að hann væri Hemingur fógetadrápari?

Hinir ýttu einum þeirra fram fyrir hópinn.

-Hversu vel þekktirðu fógetadráparann?

-Ég sá hann einu sinni.

-Nálægt? Talaðirðu við hann?

-Neeei... ég sá hann ofanfrá. Hann kom ríðandi um fjallaskarð. Ég sá ljósa hárið og andlitið. Hann var líkur þessum, herra fulltrúi.

-Líkur? Er það allt sem þú byggðir á?

Maðurinn seig allur saman. Hann gat ekkert sagt.

Stór skuggi hafði allan tímann verið við hlið Silju en nú loks áræddi hún líta á hann... og var næstum hrotin um koll. Það var enn einn gálginn og í honum dinglaði lík sem sást einmitt framan í þá stundina. Silja kæfði óp og reyndi að standa þannig að telpan sæi ekki gálgann en sú litla starði bara upp og hló meira að segja. Hún skilur ekki alvöruna, hugsaði Silja með vissum létti.

Fulltrúinn, í glæsibúningi sínum, sneri sér að greifanum. -Við erum líka menn konungs. Af hverju nefndirðu ekkert við okkur?

-Svikarar og njósnarar leynast alls staðar. Það er mikilvægara en líf mitt að þetta bréf lendi ekki í röngum höndum. Viltu ekki leysa mig...?

-Sjálfsagt.

Svo var hann laus og settist stirðlega upp. -Leyfist mér þá að fara með konu mína og börn og ljúka sendiförinni?

Fulltrúinn hrökk upp úr hugsunum sínum og rétti honum bréfið, um leið og hann hneigði sig örlítið.

-Við biðjumst afsökunar, herra greifi. -Þetta var allt misskilningur.

Maðurinn virti hann ekki frekar viðlits. -Komdu, Cecilie! Ég er mjög óánægður með þig núna. Þú komst upp um mig og það er áfall fyrir æru mína.

-Konan þín gerði hárrétt, herra greifi, sagði fulltrúinn smjauðslega. -Svona framganga sæmir góðri konu. Þú getur treyst þagmælsku okkar. Myndarleg börn, bætti hann við og klappaði telpunni á kollinn. Hann vildi greinilega komast í álit hjá tignarherranum.

Fanginn tók *ffjölskyldu* sína með sér og stefndi að skógarjaðrinum. -Ég verð að halda för minni áfram strax! Þessi seinkun gæti orðið landinu dýrkeypt, sagði hann í gremjutón yfir öxlina á sér.

Silja heyrði eitthvað sem líktist urri fyrir aftan sig og leit við. Þar stóð böðullinn, horfði á hana hatursaugum og reyndi ekki að leyna vonbrigðum sínum.

Hún andvarpaði af létti. Fulltrúinn hafði tekið hana trúanlega.

Eins gott að fulltrúar fógeta voru ekki allt of vel kunnugir starfsháttum dönsku krúnunnar. Þá hefðu þeir kannski undrast það að sendiboðinn var norskur og talaði með Þrændahreimi.

Friðrik II var réttlátur konungur en alveg áhugalaus um Noreg. Hann hafði ekki komið þangað í 33 ár og síðast sem krónprins. Það voru

lénsherrar sem fóru með umboð hans og þannig hafði það verið síðan Noregur féll undir Danmörku fyrir 44 árum. Lénsherrann í Þrándheimi núna hét Jacob Huitfeldt. Ef fógétinn segði honum frá afrekum Silju, trylltist hann eflaust af bræði því svona vitlaus mátti enginn fulltrúi vera.

Silja sjálf var enn fáfróðari, bara stolt yfir því að hafa bjargað svo merkilegum manni.

Þar sem Danir höfðu látið norska fógeta um flest, fyrirleit almenningur þá af öllu hjarta. Skattar voru himinháir, okrað var á landleigu, afurðir bænda voru vegnar á falskar vogir og þeir urðu að selja vöruna langt undir markaðsverði. Þeir þurftu líka af gefa góðar gjafir og umframgróðinn rann beint í vasa fógeta.

Vitaskuldleiðir slíkt ástand til uppreisnar en gallinn var sá að uppreisnarmenn voru svo einangraðir að þeir náðu aldrei að eflast. Fyrir sex árum höfðu bændur í Þrándheimi haft Rolf Lynge sem málsvara þegar lénsmaðurinn þá, Ludvig Munk, gekk of hart að þeim. Nú var allt rólegt í léninu, að því Silja best vissi... en hún var ósköp fáfróð.

Hjarta hennar barðist ákaft af gleði yfir því að hafa bjargað þessum guðdómlega manni. Hún leit á hann öðru hverju í þögulli aðdáun.

Þegar þau náðu skógarjaðrinum flýtti pilturinn sér inn milli trjánna. Þau voru ekki komin langt þegar stór skuggi kom á móti þeim.

-Bannsettur bjálfinn þinn! hvæsti sá í feldinum og sló greifann í andlitið. Sá yngri hljóp niðurlútur inn í skóginn.

-Slærðu bróður þinn? Silju ofbauð gersamlega.

-Hann er ekki bróðir minn.

-En þú sagðir...

-Hvað átti ég að gera? sagði hann hvasst. -Það var ekki tími til að skýra málið.

-Ég kann illa að meta að logið sé að mér, sagði Silja þurrlega, meðan hún tók við skinnpjötlunum og batt þær aftur á skóna sína. Hún hafði lagt ungbarnið á jörðina því hún gat ekki hugsað sér að biðja þessa mannskepnu að halda á því.

Rödd hans var rúm og hörkuleg. -Ég neyddist til að ljúga. Það varð að bjarga honum, annars hefði hann komið upp um okkur, af ótta við sársauka. Auk þess þurfum við á honum að halda.

Silja velti fyrir sér hverjir *við* væru.

-Ertu þá enginn greifi fyrst þið eruð ekki bræður?

-Hann er það ekki heldur. Hann hló lágt í myrkrinu.

-Hvað þá? Ég trúði þér. Ég hélt að ég væri að bjarga sendiboða konungs.

-Þú áttir að halda það. Vertu ekki svona mikið barn, Silja. Það gæti kostað þig bæði dyggðina og æruna... jafnvel lífið.

Henni líkuðu ekki orð hans því frá honum stafaði slíkum áhrifum að þau trufluðu hana.

-Ég óttast ekki um dyggðina, sagði hún og rétti úr sér. -Ég hef ótal sinnum barist fyrir henni og alltaf haft betur.

Orð hennar virtust róa hann. Hún greindi það

á viðmótinu þegar hún ætlaði að skila honum flauelsskikkjunni. Hann vildi ekki taka við henni.

-Þú hefur meiri not fyrir hana en ég. Geymdu svo umbúðirnar um litla barnið. Þær gætu komið sér vel seinna. Komdu nú!

Hann ætlast líklega til þess að ég selji dúkana ef ég lendi í ógöngum, hugsaði hún og gekk á eftir honum. Hann var svo ótrúlega stór fyrir framan hana í myrkrinu en kannski blekkti úlfsfeldurinn. Hún skildi ekki hvernig hann gat farið svona hratt yfir í koldimmum skóginum en var þó ekki hissa. Þessi maður var til alls vís. Henni fannst næstum sjálfsagt að hann byggi yfir þeim eiginleika dýrs að sjá í myrkri.

-Viltu ekki fara svona hratt, kallaði hún loks. - Telpan getur þetta ekki.

Hann beið þeirra, ögn óþolinmóður að sjá.

-Ég heyrði þig tala við morðvargana þarna niðri, sagði hann þegar þær náðu honum aftur. -Þér tókst vel að leika greifynju. Nú talarðu aftur eins og sveitastelpa. Hver ertu eiginlega... og hvað ertu?

-Ég er bara Silja. Dæmdu af fötunum frekar en málfarinu. Ég get talað vandað mál en því fylgir löng saga.

Hann hægði gönguna svo þær drægjust ekki aftur úr. Telpan var greinilega orðin örþreytt.

Silja fór aftur að hugsa um fallega piltinn. -Hann var svo laglegur, sagði hún án þess að íhuga við hvern hún talaði.

Hann fussaði. -Það finnst kvensunum. Það var

vegna konu að hann týndi næstum lífinu áðan. Hann gleymdi að gæta sín.

Silja varð vandræðaleg. -Hann er eflaust vinsæll.

-Hann er ekki við þitt hæfi.

Svo nam hann staðar andartak... og hélt síðan áfram enn hægar en áður.

-Hann gæti hins vegar þurft konu eins og þig.

-Eins og mig?

-Sterka, hugrakka, snarráða og góðhjartaða. Þú gætir gert hann að þeim karlmanni sem hann ætti að vera.

-Ég er hvorki sterk, hugrökk né hitt sem þú sagðir!

Hann sneri sér snögg að henni í myrkrinu, svo nálægt að hún fann sterka útgeislun frá sérstæðum persónuleika hans.

-Þú tekur að þér barn sem að líkindum er smitað af plágunni og annað sem þú áleist útburð. Þú hættir lífinu fyrir ókunnugan mann og leikur eiginkonu hans listavel. Annaðhvort ertu sérlega sterk eða of vitlaus til að skynja hættur. Ég fer að hallast að því síðarnefnda.

Þar þagnaði hann og þau gengu ekki í átt til bæjarins heldur lengra inn í skóginn þar til þau komu að vegi. Þar stóð rimlakerra aftan í tveimur órólegum hestum og nokkrir menn á hestbaki voru í kring. Vel sást til í tunglskininu og Silja greindi ljósa lokka *fangans*. Hann var ekki á hesti en stóð hjá kerrunni. Hjarta hennar herti ögn á sér þegar hún sá hann. Tilhugsunin um að fá

ekki að sjá hann aftur var farin að valda henni vanlíðan.

Mannskepnan, eins og hún kallaði manninn í úlfsfeldinum, gekk til kúsksins og talaði við hann drjúga stund. Svo stökk hann upp á hest og allir hinir hestamennirnir hurfu á eftir honum.

Kúskurinn hjálpaði Silju og börnunum upp í kerruna. Laglegi pilturinn sem hún hafði bjargað rétti líka hjálparhönd og stökk svo upp í til þeirra. Það brakaði í hjólunum þegar lagt var af stað.

Nú var eins og viljastyrkur Silju væri þrotinn... hann fékk enga örvun lengur.

Þrátt fyrir návist unga fangans var eins og allur tilgangur væri horfinn. Hún var aftur orðin hin einmana og hjálparvana Silja... uppgefin, köld og svo svöng að henni fannst hún hol að innan. Nú gæti hún síst hugsað sér að standa uppi í hárinu á útsendum fógeta.

Hún barðist gegn kæruleysinu sem var að ná tökum á henni, sat teinrétt og var búin að stinga ungbarninu inn undir flest fót sín svo það fengi yl fá henni... ef hann var þá nokkur eftir. Hún vissi það ekki. Telpan var sofnuð í kjöltu hennar með lambsgæru ofan á sér. Silja sveipaði að sér bláu flauelsskikkjunni sem var nógu stór til að skýla börnunum líka. Hún var máttlaus í handleggnum sem hún hélt undir ungbarnið með en ekki gat hún gefist upp. Hún var svo þreytt að það var eins og hún væri með sand í augunum og líkaminn var svo stífur af kulda að hann stóð uppi af sjálfu sér.

Þeim miðaði vel áfram og kerran hristist svo að Silja varð að halda sér til að kastast ekki fram og aftur. Það glitti í tunglið öðru hverju á leið þeirra í suður, burt af Þrándheimssvæðinu.

-Hvert förum við? spurði Silja eftir drjúga stund. Hún var komin með munnherkjur af kuldanum.

-Þið farið á býli þar sem plágan hefur tekið alla sem hún vildi í þessari umferð. Ég fer annað.

-Afsakaðu að ég spyr, sagði hún feimin. -En það er eitt sem ég skil ekki...

-Bara eitt? Það er vel af sér vikið.

Henni líkaði ekki að hann gerði grín að henni eins og hún væri krakkakjáni. -Bréfið með innsiglinu... það var ósvikið, sögðu þeir.

-Alveg rétt. En það er gamalt og hefur oft komið sér vel.

-Hvernig stendur á því að þið hafið það?

-Nú spyrðu of mikið, sagði hann og hló stríðnislega. -Annars ætti ég víst að þakka þér fyrir.

Mikið var, hugsaði hún, þótt hún hefði svo sem ekki búist við neinum þökkum.

Hún virti hann fyrir sér þar sem hann sat skáhallt á móti henni. Þau voru komin á bersvæði og tunglið lýsti upp laglega andlitið. Hann brosti en við næstu spurningu hennar stirðnaði brosið.

-Hver var hann? spurði hún lágt.

Hann stífnaði. -Hver? Fulltrúinn?

-Nei, þú veist hvern ég meina. Þann sem hjálpaði okkur.

Hann starði á hana. -Ég veit ekki um hvað þú ert að tala.

-Manninn í skóginum. Hann var í úlfsfeldi og líktist dýri sjálfur. Hann sló þig.

Frelsinginn laut nær henni. -Það var enginn þar, sagði hann með áherslu á hvert orð. -Skilurðu það? Enginn!

Silja hallaði sér frá honum. -En...

-Þig var að dreyma. Þú sást ekkert í nótt, mundu það! Heldurðu að ég láti nokkurn slá mig? Ég myndi stinga þann mann.

Hann talaði lágt svo kúskurinn heyrði ekki. Silja lét undan. Hún skildi hann. Varla var auðvelt að hafa lent í svo niðurlægjandi hremmingum. Fyrst var hann næstum tekinn af lífi, síðan bjargaði stúlka honum og loks var hann sleginn í andlitið.

-Ég skil, sagði hún samvinnuþýð.

Hann mildaðist strax. -Þú hlýtur að vera dauðþreytt. Ég skal halda á barninu um stund. Átt þú það?

-Nei, ég tók þau bara að mér. Þau voru einstæðingar.

Hún leit niður á ungbarnið og gat nú loksins orðað áhyggjur sínar. -Ég veit ekki einu sinni hvort það lifir enn, sagði hún mædd. -Það hefur ekki hreyft sig síðan við fórum frá... staðnum.

Henni fannst hún enn finna fnykinn aflíkbrennunnni og myndi eflaust aldrei gleyma honum.

-Það sefur líklega bara, sagði hann í léttum tón og tók við barninu.

Mikið var gott að geta teyggt úr handleggjunum. Hún vafði gærinni betur um telpuna og hnipraði sig svo saman í flauelsskikkjunni og hallaði sér upp að kerrugrindinni. Tunglið skein beint framundan, yfir hausum hestanna. Það fannst Silju boða gott. Framtíðin yrði björt. Þarna var stjarna líka. Enn betra. Allir vissu að stjörnurnar voru göt á himinhvelinu og gegnum þau mátti sjá inn í himnaríki Guðs. Nú sýndi Guð Silju að hann hafði opið gægjugat yfir henni og börnunum sem hún hafði tekið að sér... og laglega manningum sem hún hafði fengið að bjarga.

Það var gremjulegt að vera svona þreytt í félagsskap þessa manns en hún gat bara ekki haldið augunum opnum lengur. Hún var svo gersamlega uppgefin og ísköld að hún gæti varla sofið heldur. Hana verkjaði í allan kroppinn.

Hún hrökk upp úr þessum hálfgerða dvala og fékk á tilfinninguna að kerran stæði kyrr. Hún heyrði raddir og fann að eitthvað var lagt í fang hennar en svo leið hún út af aftur.

Næst vissi hún af sér þegar kúskurinn tók í öxl hennar og hristi hana.

-Hvar erum við? spurði Silja með erfiðismunum, henni var svo kalt.

-Við erum komin. Ég talaði við Benedikt. Þið fáið að vera í húsi hans.

Hún varð vör við fólk í kring og einhver tók börnin. Tunglið var horfið svo líklega var komið undir morgun. Telpa grét og kallaði á mömmu.

Kúskurinn hjálpaði Silju niður en hún gat varla staðið svo hann studdi hana.

-Hver er Benedikt?

-Hann er kirkjumálari og skrýttinn karl, en býður þér húsaskjól.

-Börnunum líka?

-Þeim líka.

Þau stóðu andartak ein við kerruna. -Hvað varð um unga manninn? spurði Silja.

-Heming? Hann stökk af fyrir hálf tíma. Hann var á leið annað.

Hemingur... fógetadráparinn? Það var þá hann. Silja skammaðist sín við tilhugsunina um að hafa bjargað morðingja. En hann var svo ungur og fallegur...

-Það eru víst til margir góðir Norðmenn sem berjast fyrir sjálfstæði landsins, flýtti hún sér að segja.

-Eflaust er svo, jómfrú Silja.

-Hann er líklega í einhverjum baráttuhópi á svæðinu.

-Nú talarðu meira en þér er hollt.

Þannig lá þá í því. Það var róandi við vita. Að berjast fyrir fósturjörðina var fyrirgefandlegt.

Mikið var kúskurinn kurteis að kalla hana jómfrú Silju. Það hlytu að vera áhrif frá flauelsskikkjunni.

-En hinn? Er hann líka einn þeirra.

-Hver?

-Sá sem talaði við þig og bað þig að keyra okkur til þessa Benedikts.

Kúskurinn laut niður og lagaði eitthvað á kerrunni. -Það var enginn annar, jómfú Silja. Bara Hemingur ungi. Ég fékk fyrirmæli mín frá honum.

Silja fann þrjóskuna sækja á en þá mundi hún orð Hemings.

-Mér skjátlaðist víst, sagði hún. -Ég er alveg búin að gleyma því sem gerðist í nótt.

-Það er best þannig, jómfú Silja.

Það logaði á kertistýru í litla húsinu og drengur var að kveikja upp í arninum þegar Silja kom inn. Hún heyrði vingjarnlegar raddir tala við börnin. Tvær rosknar konur sinntu þeim, háttuðu þau og færðu telpunni heitan mat í rúmið.

-Mikið er hún sæt, sagði önnur konan og virtist ekki kippa sér upp við að vera vakin um miðja nótt. -Hvað heitir hún?

-Ég veit það ekki, svaraði Silja. Ég kalla hana Sunnu. Hvernig líður litla barninu? Ég var svo hrædd um það. Er það enn á lífi?

-Já, hann er sprækur þótt ekki hafi verið bundið fyrir naflastrenginn.

-Hann? Þarna hefði getað farið illa. Ég sagði vondum mönnum að barnið hétu Líf til að bjarga því. Það heitir þá Dagur í staðinn. Hann vildi ekkert drekka...

-Það gerir ekkert til, hann er nýfæddur og lifir um tíma á því sem hann tók með sér í heiminn. Við þrífum hann, göngum frá naflastrengnum og reifum hann síðan. Vertu alveg róleg, við sjáum til þess að ekkert illt hendi hann þótt hann hafi

komið í heiminn á svo guðlausan hátt. Við blessum þvottavatnið með glóandi kolum og nú þegar hefur verið lagt stál í rúmið hans. Svo blessum við hann með brauði eins og við á og ég lána honum erfðasilfursgrip á bringuna. Telpan er svo úrvinda að við látum hana sofa inni hjá okkur. Viltu ekki súpu?

Silja hafði ekki krafta til að mótmæla. Sunna litla var skriðin upp í og lá með lokuð augun. Ylurinn frá arninum fyllti stofuna og svona vel hafði Silju ekki liðið vikum saman. Hún tók við súpuskálinni og drakk því það var seinlegra að nota skeið. Þetta var þunnur kornvellingur með litlum fleskbitum og bragðaðist dásamlega. Ylurinn breiddist fljótt um allan líkamann.

Áður en konurnar fóru var hún sofnuð í rúminu. Hún varð vör við að þær afluðu hana og breiddu fyrir hana en hún var of þreytt til að opna augun. Hún var öll blýþung.

Svo lokuðust dyrnar og Silja svaf sem dauð væri.